

**Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og skattanefnd
b/t Eiríks Áka Eggertssonar
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík**

Reykjavík, 23. febrúar 2009.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 50/1998, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum (289. mál).


Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér tímabundnar breytingar á ákvæði laganna er varðar endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna framkvæmda.

Viðskiptaráð fagnar öllum aðgerðum stjórnvalda er snúa að því að koma hjólum atvinnulífsins í gang aftur og sporna þannig gegn atvinnuleysi. Yfirstandandi efnahagsferfiðleikar hafa leikið byggingariðnaðinn sérlega grátt og ætla má að þetta frumvarp muni gera þar einhverja bragarbót á. Fjárhagsstaða ríkissjóðs er hins vegar einkar bágborin um þessar mundir og allt útlit fyrir að tekjustofnar haldi áfram að rýrna næstu misseri. Það verður því að huga afar vel að öllum breytingum á skattkerfinu sem eru til þess fallnar að rýra tekjur ríkissjóðs enn frekar.

Viðskiptaráð tekur hins vegar undir rökstuðning í greinargerð frumvarpsins og í umsögn fjárlagaskrifstofu, þ.e. að forsendur séu til að ætla að breytingar frumvarpsins geti dregið úr svartri atvinnustarfsemi og lækkað greiðslur vegna atvinnuleysisbóta. Allar aðgerðir í átt að bættu atvinnustigi auka jafnframt skatttekjur ríkissjóðs. Stöðu ríkissjóðs verður hins vegar að bæta enn frekar á næstu mánuðum og árum og verður það aðeins gert með samdrætti í ríkisútgjöldum. Slíkum samdrætti er hægt að mæta með aukinni skilvirkni svo ekki komi til mikillar skerðingar á þjónustu.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái fram að ganga.

Virðingarfyllst,



Haraldur I. Birgisson
Lögfræðingur Viðskiptaráðs